

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stofnfiskur Kirkjuvogur



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	8.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Stofnfiskur	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Staðarbergi 2-4	<b>Tegund eftirlits</b>	Fyrirvaralaust
<b>Kennitala</b>	620391-1079	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Viðar Örn Victorsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sölvi Sturluson Snæfeld	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í stöð Stofnfisks við Kirkjuvog til þess að staðfesta að um starfsemi væri að ræða í stöðinni en skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Starfsleyfi stöðvarinnar rann út 2013 og hefur ekki verið endurnýjað.

Fjögur frávik komu fram við eftirlitið er varða rekstur án starfsleyfis, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, neyðaráætlun vegna (ó)tímabundinnar rekstrarstöðvunar og losun efna út í náttúruna. Tvær ábendingar eru gerðar er varða umgengi utanhúss og skráningar á losun efna út í náttúruna.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun.

Stöðin og aðstæður voru skoðaðar. Í stöðinni eru nú alin hrognkelsiseiði til notkunar sem hreinsifiskur fyrir laxalús í sjókvíum. Frárennsli frá eldiskerjum er tvískipt, og rennur óhreinsað í sjó austan og vestan megin við húsið. Mikið brim og hröð vatnsskipti eru við frárennislirör.

Lífrænn úrgangur er sóttur af Skinnfiski. Fosfór, köfnunarefni, svifagnir og COD voru mæld í frárennsli þann 6. júní sl. Áhættumat og viðbragðsáætlun v/bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantar fyrir stöðina. Trygging v/bráðamengunar er í gildi fyrir allar stöðvar Stofnfisks.

Rekstraraðili er með rekstrarleyfi frá MAST fyrir eldi á 40 tonnum af hrognkelsaseiðum og 150 tonnum af laxaseiðum í stöðinni á ári.

Frávik frá	Lýsing á frávik
6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit	Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndum. Starfsleyfi stöðvarinnar sem var gefið út af Heilbrigðisnefnd Suðurnesja rann út árið 2013 og hefur ekki verið endurnýjað.

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar vantar. landi og 18.gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafis og stranda

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi Neyðaráætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar vantar

12. gr. reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns Öll losun mengandi efna í vatn er óheimil án starfsleyfis.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að bæta úr umgengni fyrir utan stöðina.

Rekstraraðila er einnig bent á að umreikna fosfór- og köfnunarefnislosunargildi í frárennsli í kg/framleitt tonn á ári svo hægt sé að fylgjast með losuninni.

## ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2018

  
Hulda Soffía Jónasdóttir





